



Fundur í Fræðslunefnd

24. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn þriðjudaginn 1. nóvember 2016 og hófst kl 14:00.

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, María Guðmundsdóttir skólastjóri, Klara Sigurðardóttir kennari og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Grunnskólinn á Bakkafirði

Skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði fór yfir hvernig hægt væri að leysa kennslumál miðað við að nemendur frá Bakkafirði kæmu einn dag í viku til Þórshafnar. Ragnar Skúlason er tilbúinn að taka að sér að kenna sund 7.-10.bekk. Nemendur í 10.bekk kæmu í fjarfundi í Menntasetrinu með stærðfræðikennara sínum á Laugum. Sveinn Haraldsson tæki að sér tungumálakennslu á Bakkafirði. Önnur kennsla færi fram á Bakkafirði.

Skólastjóri og kennari Grunnskólans á Bakkafirði yfirgefa fundinn kl 14:30

Málin rædd og eftirfarandi bókað.

Bókun fræðslunefndar:

Á 21. fundi Fræðslunefndar Langanesbyggðar þann 8. september 2016 var tekin sú ákvörðun í samráði við fagaðila, að mæla með því að skólabörn í Grunnskólanum á Bakkafirði kæmu til kennslu tvo daga í viku í Grunnskólann á Þórshöfn þar sem ekki hafði tekist að ráða kennara til að kenna dönsku, ensku og stærðfræði á elsta stigi. Skólastjórum var falið að vinna málið áfram, aðlaga stundarskrár og námsáætlanir. Kennsla samkvæmt þessu fyrirkomulagi hófst í septemberlok.

Fræðslunefnd hafa nú borist erindi frá foreldrum meirihluta barna við skólann, sem og frá skólastjóra þar sem óskað er eftir að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað þar sem nú hefur borist umsókn frá einstaklingi búsettum á Bakkafirði sem getur kennt ensku og dönsku við skólann, og skólastjóri hefur leyst stærðfræðikennslu með öðrum hætti. Skólastjóra og foreldrum við Grunnskólann á Bakkafirði finnst sem skólabragur, sem og kennsluform byggt á vinnustofum, njóti ekki þess stöðugleika sem skólastarf þurfi að byggja á. Er þar óskað eftir því að skólabörn frá Grunnskólanum á Bakkafirði komi einungis á þriðjudögum til Þórshafnar, auk þess að sækja sérstaka daga sem tengjast skólastarfinu eða skemmtunum innan hans.

Fræðslunefnd hefur skoðað málið, óskað eftir upplýsingum og rætt við skólastjóra beggja skóla. Ljóst er að ekki hefur náðst sátt um það form sem lagt var upp með í september, hvorki



LANGANESBYGGÐ

af hálfu kennara og skólastjóra á Bakkafirði, né meirihluta foreldra. Nefndin telur afar mikilvægt að sátt náist um málið þannig að skólastarf verði ekki fyrir meiri röskun.

Að höfðu samráði við skólaráðgjafa Langanesbyggðar, Ingvar Sigurgeirsson og fræðslustjóra, Jón Höskuldsson mælir Fræðslunefnd með því að fyrirkomulagi skólahalds verði breytt aftur til fyrra horfs og skólahald verði eingöngu sótt til Þórshafnar á þriðjudögum. Þar munu nemendur fylgja sínum jafnöldrum og fylgja þeirri stundarskrá sem þar er. Með þessu er vonast til að friður náist um skólastarfið það sem eftir er af skólaárinu og hagur barnanna hafður að leiðarljósi hjá öllum sem að málinu koma.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50